

Snillingafimi fyrir alla

Þróunarverkefni í Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum
veturinn 2016-2017



Heimasíða verkefnisins er snillingafimi.is

Ábyrgðarmenn: Kristín Jónsdóttir og Bettý Gunnarsdóttir
kristinjons@hjalli.is



Markmið

Þróunarverkefnið Snillingafimi fyrir alla snýst um að útbúa og prófa námskrá fyrir 5 - 9 ára börn og tilheyrandi viðfangsefni, byggð á hugmyndum Howards Gardner um fjölgreindir og kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Meginmarkmiðið er að börnin öðlist skilning á að þau hafa ólíka hæfileika en jafngilda. Það eykur sjálfsvirðingu þeirra og umburðarlyndi og styrkir þau í takast á við önnur verkefni í skólanum. Með röð viðfangsefna á hverju ári er markmiðið að börnin fái tækifæri til að læra um ólíka hæfileika, styrkjast á sínum áhugasviðum og kynnast nýjum.

Fjölgreindakenning Gardners

Fjölgreindakenning Howards Gardners snýst um að greind manna sé margþætt og greina megí átta og jafnvel níu mismunandi greindarsvið hjá hverri manneskju. Í skólastarfi er algengast að leggja áherslu á að efla málgreind og rök- og stærðfræðigreind nemenda og þá vilja hæfileikar á öðrum sviðum verða útundan. Fjölgreindakenningin rennir stoðum undir að með fjölbreyttum kennsluháttum og skapandi viðfangsefnum megí efla fleiri greindarsvið en þessi tvö og mæta þannig ólíkum þörfum nemenda.

Fjölgreindakenningin fellur vel að hugmyndafræði Hjallastefnunnar um að öll börn þurfi að fá að leika og læra á eigin forsendum án takmarkanna sem kynjakerfi samfélagsins setur. Með kynjanámskrá Hjallastefnunnar er skólaárinu skipt í sex lotur sem snúast um að þjálfva einstaklings- og félagsfærni hvers barns, og jafnvægi ríki á milli eiginleika sem eru oft tengdir við kynin hvort fyrir sig.

Upphafið

Snillingafimi hófst vorið 2016 hjá einum drengjahópi hér í skólanum. Þroskaþjálfari skólans, Bettý Gunnarsdóttir, leiddi þá í gegnum nokkur viðfangsefni til að efla félagsfærni þeirra, eða styrkja samskiptagreind þeirra og sjálfspekkingargreind svo vísað sé til Fjölgreindakenningarinnar. Nú var snillingafimi í þróun í samstarfi þroskaþjálfara og kennara skólans, tengd

kynjanámskránni í öllum árgöngum, þannig að þetta þróunarverkefni yrði að Snillingafimi fyrir alla.

Nýbreytni

Í fyrsta lagi er það nýjung að þætta saman uppeldis- og kennslufræðilegar hugmyndir af tvennum toga, Hjallastefnu og Fjölgreindakenningu, með þessari skýru áherslu á að styrkja sjálfsmynd nemenda og skilning þeirra á fjölbreytileikanum í samfélaginu. Þetta er í anda áherslu á að skólum beri að stuðla að alhliða þroska nemenda og starfshættir skuli mótast af umburðarlyndi, eins og segir í 2. laga um grunnskóla frá 2008. Nýjung er einnig það ljósa markmið að birta það efni sem verður til, að lýsa þróunarverkefninu og þar með talið viðfangsefnum fyrir hvern aldurshóp. Þetta munu kennarar í öðrum skólum geta nýtt og útfært eftir aðstæðum á hverjum stað.

snillingafimi.is

Ákveðið var að búa til heimasíðu eða vef fyrir verkefnið: <http://snillingafimi.is/>

Þar er að finna yfirlit yfir verkefnið og tilurð þess, myndir og lýsingar á viðfangsefnum nemenda aldursskipt, texta um fjölgreindakenninguna og Howard Gardner, mat eða umsagnir kennara um þróunarverkefnið.

Heimasíðan kemur í stað skýrslu og er öllum aðgengileg. Ætlunin er að smám saman vaxi vefurinn eftir því sem verkefninu vindur fram en þróunarverkefni er langhlaup þar sem úthaldið og stuðningur skiptir miklu máli.

Við þökkum þróunarsjóði Garðabæjar vel fyrir stuðninginn veturinn 2016-17.